Nr. 53.
27. nóvbr

# Lög

um

## heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að kaupa til skógarfriðunar og skógargræðslu:

1. Jörðina Hallormsstað í Suður-Múlasýslu með hjáleigum og með húsum þeim og kúgildum, er fylgja og fylgja eiga, svo og ítak hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi, gegn því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Vallanessprestakalli, færist niður í allt að 620 kr. á ári.

2. Jörðina Vagli í Fnjóskadal með húsum þeim og kúgildum, er henni fylgja og fylgja eiga, fyrir allt að 3000 kr.

3. Hálsskóg í Fnjóskadal gegn 80 kr. árlegu gjaldi til Hálsprestakalls úr landssjóði

2. gr.

Landsstjórnin hefur yfirumsjón með byggingu og ábúð jarðanna og allri meðferð skógarlandanna.

3. gr.

Lög um friðun á Hallormsstaðarskógi frá 5. des. 1899 eru úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 27. nóvember 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 53.
27de
Novbr.

om

## Bemyndigelse til at indkøbe Jordegods til Skovfredning og Skovdyrkning.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at indkøbe til Skovfredning og Skovdyrkning:

1. Jorden Hallormsstadur i Sønder Mula Syssel med Afbyggersteder og de Bygninger og Kvilder, som følge Jorden og skulle følge den, saa vel som den det tidligere Thingmuli Præstekald tilkommende Servitut i Hallormsstadar Skov, imod at den Indbetaling af 1,000 Kr. aarlig til Landskassen, som ifølge Lov 27de Februar 1880 § 1 udredes fra Vallanes Præstekald, nedsættes til indtil 620 Kr. aarlig.
2. Jorden Vaglir i Fnjoskadal med de Bygninger og Kvilder, som følge den og bør følge den, for indtil 3,000 Kr.
3. Hals Skov i Fnjoskadal imod en aarlig Betaling af Landskassen af 80 Kr. til Hals Præstekald.

§ 2.

Regeringen har Overtilsyn med Jordernes Bygsel og Beboelse og hele Behandlingen af Skovarealerne.

§ 3.

Lov om Fredning af Hallormsstadar Skov af 5te December 1899 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 27de November 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 27de November 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 53. Lov af 27de November om Bemyndigelse til at indkøbe Jordegods til Skovfredning og Skovdyrkning.